# AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 231 31. maí 1978.**

1. gr.

3. málsgrein 26. greinar orðist svo:

Bæjarráð getur leyft að listi, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1982.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*

10. ágúst 1982. Nr. 459.

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á **Aragötu** til norðurs frá Oddagötu að Sturlugötu. Sömuleiðis á **Oddagötu** til suðurs frá Sturlugötu og síðan til vesturs að gatnamótum við Aragötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. ágúst n.k.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. ágúst 1982.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 460.

# REIKNINGUR

**Lífeyrissjóðs bænda.**

**Tekju- og gjaldareikningur 1981.**

| | | |
|---|---|---|
| IÐGJÖLD: | kr. | 37 167 829,53 |
| Iðgjöld framleiðenda 1981 skv. áætlun | — | 10 077 000,00 |
| Iðgjöld neytenda 1981 skv. áætlun | — | 18 603 000,00 |
| Iðgjöld framleiðenda, tilfærsla v/1980 | — | ÷117 952,69 |
| Eldri iðgjöld | — | 18 821,05 |
| Iðgjöld launþega | — | 52 981,95 |